



# Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Skýrsla stjórnar 2015-2016

Aðalfundur 2016

Á aðalfundi Kynjakatta 2015 var kosinn inn í félagið nýr formaður, gjaldkeri og ritari. Og um leið kvöddum við fyrri stjórnarmeðlimi: Vigdís Andersen sem sat í stjórn til 6 ára. Þar af tvö ár sem ritari og fjögur ár sem formaður félagsins. Anna Maria Moestrup, sem var gjaldkeri í 2 ár og Hrafnhildi Ósk Halldórsdóttur sem var ritari í 4 ár. Inn kom nýr formaður (undirrituð), Íris Ebba Ajayi sem gjaldkeri og Krístin Holm sem ritari.

Stjórn Kynjakatta er farin að vinna flest sín mál rafræn (þökk sé Facebook grúppunum), en stjórn hittist og fundaði í 7 skipti á síðastliðnu ári, þar af 2 vinnufundir þar sem ekki voru ritaðar fundagerðir.

Helstu viðburðir félagsins á árinu 2015 voru kattasýningarnar, en við höldum ávalt tvær alþjóðlegar kattasýningar í einu, aðra á laugardegi og hina á sunnudegi. Í tengslum við sýningarhelgarnar tvær gáfum við út sitthvort fréttablaðið en innan í þeim eru sýningarskrárnar. Haustiýningarnar gengu með eindæmum vel og var sala aðgangseyris vonum framar. Alls voru 129 kettir skráðir á sýninguna þar af 2 félagskettir. Vorsýningin gekk mjög vel, fengum við nýtt húsnæði sem var opið og bjart en líklega gefst okkur ekki kostur á því aftur, enda of dýrt fyrir félagið. Alls voru 108 kettir skráðir á þá sýningu, þar af 3 félagskettir.

Tveir fulltrúar Kynjakatta fóru á aðalfund FIFe sem haldinn var í lok maí 2015 í Portúgal, en það voru þau Vigdís Andersen og Marteinn T. Tausen, fyrrum formenn félagsins. Marteinn sótti í leiðinni námskeið fyrir dómara. Með þeim í för var Sveinn Svavarsson skáningarstjóri Kynjakatta en hann fór á eigin vegum og sótti sitt annað námskeið skráningarstjóra. Kynjakettir hafa sent fulltrúa á aðalfund FIFe frá því að félagið fékk inngöngu í samtökin. Mikilvægt er að við fylgjumst vel með því sem fram fer á vettvangi FIFe því breytingar og kosningar geta haft stórtækar afleiðingar fyrir okkar litla félag. Marteinn T. Tausen verður aftur fulltrúi okkar á aðalfundinum í ár sem haldinn verður í Portúgal nú í maí.

Stjórn Kynjakatta tók ákvörðun á stjórnarfundum (14.10.2015) um að hækka verð ættbóka úr 4.500kr í 4.900kr. Til samanburðar má geta þess að ættbók hjá HRFÍ kostar rúmar 9.000kr.

Breytingar á styrktaraðilum áttu sér stað á árinu og kvöddum við bæði VÍS og SS sem hafa verið aðalstyrktaraðilar félagsins í fjölda mörg ár og þökkum við þeim kærlega fyrir veittann stuðning og óskum þeim velfarnaðar. Á sama tíma tókum við hjartanlega á móti nýjum styrktaraðila, Dýrheimar s/f, en þeir flytja inn Royal Canin. Hlökkum við til nýrra tíma með þá í för.

Annar merkilegur áfangi hjá félaginu er að nú er búið að hefja störf við uppbyggingu á nýjum og betri gagngrunni. Við fengum 3 forritara í starfið, þau Svein Svavarsson skráningarstjóra, Helgu Karlsdóttur nýkjörinn sýningarstjóri og Magnús Ágúst. Verkefninu hefur verið skipt upp í nokkra fasa en markmiðið er að keyra prufukeyslu á gagnagrunninum í ágúst og ef allt gengur vel munum við geta nýtt grunninn á haustiýningunni og þannig létt sýningarriturum ansi mikið störfín.



## Kynjakettir, Kattaræktarfélag Íslands

Skýrsla stjórnar 2015-2016

Aðalfundur 2016

Breyting verður á stjórn Kynjakatta á aðalfundi 2016 þar sem tveir meðlimir gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Guðbjörg Guðmundsdóttir hefur starfað sem varaformaður í sex ár og Hörn Ragnarsdóttir sem sýningarstjóri í sex ár.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem leggja hönd á plóg til að mögulegt sé að halda sýningarnar okkar og öllum þeim sem störfuðu fyrir félagið með einum eða öðrum hætti. Einnig vil ég þakka sérstaklega Jónu Dögg og Val fyrir að halda uppi frábæru netsíðu félagsins. Sigríði Rósu Snorradóttur fyrir framúrskarandi störf sem auglýsingastjóri og sýningaritari, Sveini Svavarssyni fyrir störf sín sem skráningarstjóri, Þórunni Einarsdóttur fyrir að vera honum innan handar en þau gefa Kynjaköttum sína vinnu öll mánudagskvöld. Einnig vil ég þakka Vigdísu Andersen fyrrum formanni sem starfar nú sem sýningaritari og situr í ræktunarráði, en hún hefur verið mikill stuðningur fyrir formann félagsins. Og að lokum vil ég þakka Guðbjörgu og Hörn fyrir störf sín í stjórn Kynjakatta síðast liðin ár. Störf ykkar allra er Kynjaköttum ómetanlegt, án ykkar gjafa myndi félagið ekki geta starfað.

Virðingafyllst,  
Guðbjörg Hermanns  
Formaður Kynjakatta